

Sþ.

204. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd klofnaði um afgreiðslu málsins. Nefndin flytur þó sam-
eiginlegar tillögur á þskj. 168 með fyrirvara af hálfu minni hlutans. Þar sem hann
áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að
koma.

Þegar þetta nefndarálit er skrifað. rúmum sólarhring áður en 2. umræða fjár-
laga fer fram, hefur ríkisstjórnin enn ekki komið sér saman um tekjuöflunarleiðir
vegna þeirra gífurlegu útgjalda, sem hún sjálf hefur stofnað til. Boðað hefur verið,
að frumvörp muni liggja fyrir um tekjuöflun ríkissjóðs, þegar umræðan hefst, en
þau frumvörp hafa ekki verið kynnt í fjárveitinganefnd. Þar er ekki við meiri hluta
nefndarinnar að sakast, heldur ráðlausa ríkisstjórn.

Sá einstæði atburður hefur átt sér stað, að á sama tíma og ríkisstjórn og ráð-
herrar hennar hafa komið sér saman um afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót í sam-
ræmi við þá megin stefnu sem í fjárlagafrv. felst, lýsir einn samstarfsflokkur ríkis-
stjórnarinnar, Alþýðuflokkurinn, yfir því, að hann leggi fram frumvarp til laga um
jafnvægi í efnahagsmálum, sem gengur þvert á viðhorf hinna stjórnarflokkanna,
og krefst þess, að það frumvarp verði afgreitt áður eða samhliða fjárlagafrum-
varpinu.

Allt þetta hefur valdið algjörri óvissu og ringulreið varðandi fjárlagaumræðuna
og 2. umræða reyndar ákveðin með 20 klukkustunda fyrirvara, sem er einsdæmi
í þingsögunni.

Æðstu stjórn þessa lands er nú svo háttáð, að efnahagsmálum er ráðið frá degi til dags, og þjóðin öll er vitni að tortryggni, hrossakaupum og hótunum stjórnar-flokkanna hvers í annars garð. Efnahagsvandann 1. desember s. l. var ýtt á undan sér og yfir á ríkissjóð. Nú er stefnt að 2. umræðu fjárlaga og afgreiðslu þeirra án þess að nokkuð liggja fyrir um hvernig endar náist saman. Það eina, sem þjóðin og stjórnarandstaðan fær vitneskju um, er að ágreiningur sé sá einn í ríkisstjórninni, hversu skattheimtan eigi að vera mikil. Skattþening er lausnarorð stjórnarflokkanna allra — spurningin er eingöngu hvernig hún skuli framkvæmd.

Fjárveitinganefnd hélt sinn síðasta fund fyrir 2. umræðu á miðvikudag. Þá hafði verið gefinn ádráttur um að tekjuöflunarhugmyndir ríkisstjórnarinnar yrðu kynntar í nefndinni. Úr því varð ekki. Ráðherrar og forustumenn stjórnarflokkanna voru með allan hugann við það að klekkja hver á öðrum og virtu að vettugi þá þingræðislegu og siðferðislegu skyldu sína að veita upplýsingar um þær tekjur, sem fjárlögin eiga að byggjast á.

Nefndarálit minni hlutans er þessum annmörkum háð. Ljóst er þó, að þetta frumvarp og fjárlagaafgreiðslan hefur eftirfarandi megineinkenni:

1. Hlutfall útgjalda ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu stóreykst.
2. Fjármagnstilfærslur, einkum í formi niðurgreiðslna, eru margfalt meiri en nokkru sinni fyrr.
3. Skattheimta eykst gífurlega.
4. Verklegar framkvæmdir eru skornar niður.
5. Ríkisbáknið bólgar enn og frumvarpið gerir ráð fyrir fjölmörgum nýjum stöðum hjá ríkinu.
6. Tekjuhalli er fyrirsjáanlegur, nema með enn nýjum skattaálögum.

Ljóst er að frumvarp þetta er verðbólgufrumvarp.

Til marks um úþenslu ríkisbáksins má benda á það, að skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar (Þjóðarbúskapurinn, 5. des. 1978, bls. 30) er gert ráð fyrir því, að ríkisútgjöldin hækki í 29% af þjóðarframleiðslu á þessu ári og 30% á árinu 1979, og eru ástæðurnar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar í september og desember. Hins vegar hafði á undanfórnum tveimur árum tekist að koma ríkisútgjöldunum niður í 27—28% af þjóðarframleiðslunni.

Segja má, að hvorki meiri hluti né minni hluti fjárveitinganefndar eigi auðvelt með að leggja fram nefndarálit. Öll hin stærri mál frumvarpsins og ríkisfjármálanna eru í algerri óvissu. Ríkisstjórnin hefur ýmist lofað eða boðað margvísleg útgjöld án þess að séð sé fyrir tekjum. Loforð eru gefin, en jafnharðan svikin. Lausnir eru boðaðar, sem fela í sér ný vandamál. Ýmis dæmi má nefna þessu til áréttingar:

Ríkisstjórnin ákvað að verja 2 milljörðum króna til viðbótar til verklegra framkvæmda. Enn vantar a. m. k. einn milljarð til að mæta þeim útgjöldum.

Ríkisstjórnin hefur lofað að lækka tekjuskatt um allt að 3 milljörðum króna. Þeirri skattalækkun á að mæta með því að hækka aðra skatta til jafns við lækkunina.

Ríkisstjórnin hefur lofað að lækka tekjuskatta um allt að 3 milljörðum króna, sér 3 verðbótastigum, en það jafngildir 5 milljarða króna útgjöldum úr ríkissjóði miðað við fyrri aðferðir við útreikninga niðurgreiðslna. Þetta mun verða efnfnt með eins milljarðs króna hækkun á fjárlögum. Engar upplýsingar liggja þó fyrir um, hvernig eigi að verja þeim milljarði, að undanskildum 130 milljónum kr. til dagvistarheimila.

Ríkisstjórninni er kunnugt um, að tekjuáætlun frumvarpsins er vanáætluð um 1.5 milljarð króna. Ekkert liggur fyrir um tekjuöflun þar á móti.

Ríkisstjórninni er kunnugt um þá staðreynd, að laun opinberra starfsmanna hækka um 3% 1. mars n. k. Fjárveitingu til þess, 1 300 millj. kr., er vísitandi sleppt.

Enn er óafgreidd tekjuöflun vegna ýmissa hækkana, sem orðið hafa við meðferð fjárveitinganefndar, sem nú þegar nema 1 300—1 400 milljónum króna. Allt er óráðið með fjárveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, ráðstöfun jöfnunargjalds, skerðingu Byggðasjóðs og afleiðingar tollalækkunar vegna EFTA-aðildar og samnings við EBE. Þessi mál verða því að bíða 3. umræðu, enn fremur málefni Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkusjóðs, skipting fjárveitinga til menntaskóla, eftirlaunagreiðslur og ýmis erindi, þar á meðal ráðstöfun á oliuprósentu og ákvörðun um olíustyrk.

Lánsfjáráætlun, sem átti að leggja fram í nóvember og lögð var fram á síðasta þingi við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins, hefur ekki enn séð dagsins ljós og mun væntanlega ekki sjást fyrr en afgreiðslu fjárlaga er lokið.

Óvissuþættir þessarar fjárlagaafgreiðslu eru því mýrmargir. Á meðan vex ríkisbákn:ð og verðbólgan leikur lausum hala.

Flest þeirra vandamála, sem að framan eru talin, eru heimatilbúin. Þau eiga sér rætur í því einstæða stjórnarsamstarfi, sem Íslendingar hafa fengið að fylgjast með á undanförnum vikum. Ferill núverandi ríkisstjórnar á sér ekki hliðstæðu í íslenskri stjórnmalasögu. Eftir mikla kosningasigra og langvinnar stjórnarmyndunarviðræður gengu Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag í eina sæng með Framsóknarflokknum.

Nú mátti búast við gerbreyttri efnahagsstefnu, kjarasáttmála og „samningunum í gildi“. Gengisfellingum væri ekki lengur beitt og skattar lækkaðir. Allt fór þetta á annan veg. Gengið var fellt um 15%. lagðir á eignar- og tekjuskattsaukar og kjarasamningar skertir. Í nýútkomnu riti Þjóðhagsstofnunar koma fram þær athyglisverðu upplýsingar, að laun allra launþega hafi hækkað um 33% frá áramótum í ár fram til septemberloka eftir aðgerðir núverandi ríkisstjórnar, en hefðu átt að hækka um 43%, ef samningar hefðu að fullu tekið gildi.

Allt voru þetta bráðabirgðaráðstafanir. Gifurlegum fjárhæðum var varið í niðurgreiðslur og lækun vísitölu 1. september, sem veldur hallarekstri í ríkisbúskapnum á árinu 1978 um 4—5 milljarða króna. Þetta reyndist þó hvergi nóg, og enn þurfti að grípa til bráðabirgðaráðstafana 1. desember s. l. til að eyða umsömdum vísitölustigum. Þær ráðstafanir verða ekki raktar ítarlega hér, svo stutt er síðan þær voru til umræðu. Rétt er þó að vekja athygli á tveim atriðum, sem hafa umtalsverð áhrif á fjárlagaafgreiðsluna.

Þremur prósentum í kaupum var eitt með loforði um félagslegar aðgerðir. Samkvæmt upplýsingum stjórnarsinna eiga þær að kosta ríkissjóð einn milljarð króna, eða fimm sinnum minna en það kostar ríkissjóð að greiða vísitöluna niður eftir fyrri aðferðum. Fyrir þetta sendi Verkamannasamband Íslands ríkisstjórninni þakkarbréf.

Tvö prósent kaups skyldu launþegar gefa eftir gegn lækkun tekjuskatts. Þetta er enn þá frumlegri aðferð til eyðingar vísitölustiga og lækkunar kaups. Tekjuskattar hafa ekki áhrif á vísitöluna. Þess vegna hækkaði vísitalan ekki þótt fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir tvöföldun tekjuskattsins á næsta ári. Í stuttu máli: nú á vísitalan að standa í stað, þegar tekjuskattar hækka, en lækka þegar dregið er örlítið úr skattþíningunni. Fyrir þetta sendi Verkamannasamband Íslands ríkisstjórninni þakkarbréf.

Þetta mun þó reynast skammgóður vermir. Þrátt fyrir margendurteknar bráðabirgðaráðstafanir, 18 milljarða króna niðurgreiðslur, verulega kaupskerðingu, tvöföldun eignar- og tekjuskatta, niðurskurð verklegra framkvæmda og þakkarbréf frá Verkamannasambandinu fer verðbólgan naumast niður fyrir 40% á næsta ári. Og enn stendur ríkisstjórnin frammi fyrir óleystum vanda við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps og aftur hinn 1. mars n. k. Ef hún lifir þá svo lengi.

Allt frá því núverandi stjórnarsamstarf hófst hafa farið fram hatrammar deilur milli stjórnarflokkanna innbyrðis. Í raun og veru virðist þeim fyrirumnað að ná samkomulagi í nokkru máli, nema eftir yfirlýsingar í ræðum eða dagblöðum,

með sérstökum bókunum í þingnefndum eða beinum hótunum. Ræður formanna þingflokka Alþýðuflokks og Alþýðubandalags við 1. umræðu fjárlaga báru þess glögg merki. Tillögur og umræður um skattamál, vaxtamál og landbúnaðarmál, svo eitthvað sé nefnt, eru með sama marki brenndar.

Fjárlagafrumvarpið var ekki lagt fram fyrr en löngu eftir þingbyrjun. Við 1. umræðu kom fram, að verulegur ágreiningur um gerð frumvarpsins hafði tafið framlagningu þess. Í athugasemdum með frumvarpinu koma fram fyrirvarar í 9 liðum og talsmenn stjórnarflokkanna boðuðu enn fleiri. Jafnvel fjármálaráðherra sjálfur hafði fyrirvara um ýmis atriði frumvarpsins.

Þeir fyrirvarar, sem taldir voru upp í athugasemdunum, voru eftirfarandi:

1. Aðferð við skattheimtu. Heildarupphæð skatta skyldi þó ekki vera lægri en allir þeir skattstofnar, sem fyrir voru, mundu gefa af sér og auk þess skattaukar, sértekjuskattar og „lúxusskattar“, m. a. á hreinlætisvörur, sem lagðir voru á í september, eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda. — Um þennan fyrirvara hefur staðið illvígur styrr milli stjórnarflokkanna allt fram á þennan dag og ekki samkomulag um neitt nema þá stefnu að þyngja enn þá skattbyrðina á fólki.
2. Lögð skyldi sérstök áhersla á að lækka rekstrarkostnað ríkisins um 1 milljarð frá útgjaldaáformum skv. frumvarpinu. Ekkert hefur bólað á mótuðum tillögum í þessu efni, þótt samstaða sé um aðhald og sparnað á þessu sviði í fjárveitinganefnd.
3. Fyrirvari var um lækkun tolla skv. samningum við EFTA og EBE. Þessi tollalækkun hefur í för með sér tekjutap ríkissjóðs að upphæð 2 milljarða króna skv. nýrri áætlun, en var metinn 1 350 millj. kr. í frumvarpinu. — Óljóst er enn, hvort þessi tollalækkun verður framkvæmd.
4. Stefnt var að 20% magnminnkun verklegra framkvæmda með frumvarpinu. Svigrúm var talið til þess að hækka fjárveitingu um 1 milljarð, ef verkast vildi. Fyrirvarar voru um þennan niðurskurð. Meiri hluti fjárveitinganefndar ákvað í samráði við ríkisstjórnina að hækka fjárveitingu til verklegra framkvæmda um 2 milljarða. Þetta var gert löngu áður en sást hvernig heildardæmi ríkissjóðs kæmi út, og verður niðurskurðurinn 12% að magni skv. því í A-hluta fjárlaga á sviði verklegra framkvæmda.
5. Fyrirvari var um ráðstöfun jöfnunargjalds, en $\frac{1}{3}$ þess, 333 millj. kr., á skv. frumvarpinu að renna í ríkissjóð, en ekki til stuðnings iðnaði. Að auki renna 91 millj. kr. til þess að standa undir venjulegum útgjöldum ríkissjóðs. Gjaldið á að gefa 1 000 millj. kr. í tekjur og greiðist uppsafnaður söluskattur af því, samtals 500 millj. kr. Einungis 76 millj. kr. ættu þá að fara til iðnþróunar. Ekkert liggur fyrir enn, hvort þessi ráðstöfun verður endurskoðuð af stjórnarflokkunum.
6. Fyrirvari er um lánsfjáröflun til orkumála. Lánsfjáráætlun er ekki komin fram og ekkert vitað um stefnuna á þessu sviði.
7. Fyrirvari er um niðurgreiðslur á vöruverði. Nú hafa niðurgreiðslur verið auknar um sem svarar $\frac{1}{2}\%$ vísitölulækkunar. Áætlað er að þetta kosti 750 millj. kr. umfram það sem ákveðið er í frumvarpinu. Skv. frumvarpinu er ákveðið að lækka niðurgreiðslur á næsta ári og létta þannig útgjöldum af ríkissjóði um 2 800 millj. kr. Engar upplýsingar fást um, hvenær þetta verður gert og ekki heldur hvernig né hvaða áhrif þetta hafi á verðlag.
8. Fyrirvari er um styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins. Fyrirheit eru í frumvarpinu um endurskoðun á styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins, en ekkert bólar á tillögum í þessu efni.
9. Fyrirvari er um, hversu há skattvísitala skuli vera á næsta ári. Skv. frumvarpinu átti hún að hækka um 43% frá árinu 1978. Laun hækka skv. athugasemdum frumvarpsins um 50 eða 51% á sama tíma. Með þessari beitingu skattvísitölu hefði álagning orðið 3 700 millj. kr. hærri á næsta ári. Innheimta þessa

sérstaka skatts af kaupmáttaraukningu launþega hefði numið 3 milljörðum króna 1979. Ef hverfa á að því að láta skattvísitöluna hækka jafnt og launatekjur hækka milli árána þýðir það 3 000 millj. kr. lækkun á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins.

Þegar þannig er staðið að framlagningu fjárlagafrumvarps og ákvörðunum um grundvallaratriði við fjárlagaafgreiðsluna af hálfu ríkisstjórnarinnar er örðugt, svo ekki sé meira sagt, fyrir fjárveitinganefndarmenn, bæði í meiri og minni hluta, að vinna að afgreiðslu málsins á þinglegan hátt. Slík vinnubrögð eru ósamboðin Alþingi og má raunar segja, að þau séu óþingræðisleg.

Með fjárlagafrumvarpinu er stefnt að hrikalegri hækkun skatta, einkum tekju- og eignarskatta. Áætlaðar tekjur af þessum sköttum hækka sem hér segir miðað við fjárlög í ár:

	Fjárl. 1978	Frv. 1979	%
	m. kr.	m. kr.	Hækkun
Skattar einstaklinga			
Eignarskattur	920	1 733	93.9%
Tekjuskattur	11 950	23 265	94.7%
Samtals	(12 870)	(24 998)	(94.2%)
Skattar á félög			
Eignarskattur	980	2 286	133.3%
Tekjuskattur	3 100	6 000	93.5%
Samtals	(4 080)	(8 286)	(103.0%)

Í þingræðum hefur komið fram, að ætlun stjórnarflokkanna er að gera skyldu-sparnaðinn að hátekjuskatti. Þetta þýðir að nálægt 70 kr. af hverjum 100 eru teknar af tekjum manna til sveitarfélaga og ríkis þegar komið er í hæsta skattþrep. Augljóst er að svo gífurleg skattheimta á tekjur dregur úr sjálfsbjargarviðleitni manna til vinnu og hvetur mjög til að komast undan svo gegndarlausri skattheimtu.

Þótt unnt sé að benda á dæmi þess erlendis, að slíkir jaðarskattar séu til, þá er á það að benda, að um er að ræða miklu hærri tekjur sem skattlagðar eru með þeim hætti þar en ætlunin er hér á landi.

Ekki eru þó öll kurl til grafar komin í skattaæði ríkisstjórnarinnar. Í greinargerð með efnahagsfrumvarpi hennar 1. des. segir, að ríkisstjórnin sé að athuga veltuskatt á ýmiss konar rekstur, fjárfestingarskatt og aukinn eignarskatt. Samt segir svo um stöðu atvinnuveganna í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins: „Vegna slakrar afkomu fyrirtækja í mörgum atvinnugreinum að undanfögnu er reiknað með að álagning tekjuskatta á félög aukist töluvert minna en sem nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli árána 1977 og 1978.“

Spyrja mætti, hvort ríkisstjórnin stefni visvitandi að stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi með gegndarlausum álögum á atvinnureksturinn, sem hún hefur ýmist þegar beitt sér fyrir eða virðist stefna að.

Ofsköttun einstaklinga og atvinnurekstrar leiðir til minnkandi framtaks og atvinnu, minni þjóðartekna og versnandi lífskjara.

Ein af forsendum fjárlagafrumvarpsins var 20% magnminnkun verklegra framkvæmda við hafnir, skólabyggingar, heilsugæslustöðvar, nýbyggingu vega o. s. frv. Í framkvæmd guguðu stjórnarflokkarnir á svo miklum niðurskurði. Framlög til verklegra framkvæmda voru hækkuð frá frumvarpinu skv. tillögum þeirra um 2000 millj. kr., eins og fyrr segir. Niðurskurður verklegra framkvæmda verður því að magni til 12% miðað við fjárlög 1978, en þó er sennilegt að hann verði enn meiri í raun, þar sem verðbólgan er lágt áætluð í þeim útreikningum.

Engin tilraun er gerð til niðurskurðar á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana, þrátt fyrir frámar óskir í athugasemdum frumvarpsins um 1000 millj. kr. niðurskurð, sem þó væri einungis 0.6% af rekstrarútgjöldum frumvarpsins (0.7% að frádrögnum niðurgreiðslum).

Þetta er merkileg niðurskurðarstefna þegar höfð er í huga gagnrýni fulltrúa Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd á fyrra kjörtímabili. Háttvirtur þingmaður Sighvatur Björgvinsson sagði við afgreiðslu fjárlaga 1978: „Allt, sem ríkisbáknið þarf til framfærslu fyrir sjálft sig, er látið ósnert.“ Og um framkvæmdirnar sagði hann: „Með öðrum orðum: niðurskurðarstefnan, sem talað er um að fólgin sé í þessu frumvarpi, er fyrst og fremst á þessum sviðum (framlögum til skóla, hafna, sjúkrahúsa o. s. frv), að það eru skornar niður þær framkvæmdir og sú þjónusta þar sem fólkið fær áþreifanlega sönnun fyrir því að fjármunir, sem það leggur til sameiginlegra þarfa, komi að gagni.“

Sömu hugsun má finna í öllum sameiginlegum nefndarálitum fulltrúa þessara flokka um fjárlagafrumvörp hvert einasta ár á fyrra kjörtímabili. Þetta segir sína sögu um pólitíska ábyrgð í stjórn og stjórnarandstöðu. Ljóst er, að ákvarðanir þessara flokka um niðurskurð á fjármagni til verklegra framkvæmda nú sanna, að þeir hafa ákveðið að ganga lengra á þessari braut heldur en áður hefur verið gert og gera þannig fyrri gagnrýni sína um þessi efni að markleysu.

Mjög athyglisvert er, að fyrir fjárveitinganefnd liggur tillaga frá meiri hlutanum um að skerða framkvæmdamagn í nýbyggingu vega og brúa um 12% frá fyrra ári. Þetta er gert á sama tíma sem skattar á umferðina eru hækkaðir langt umfram verðbólgu og bensingjald í Vegasjóð á að hækka um tæplega 68% eða rúmlega 3000 millj. kr. Framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs, sem í fjárlögum 1978 var 1305 millj. kr., er skorið niður um tæpar 1000 millj. króna. Á sama tíma skila stórauðnar álögur á umferðina vaxandi tekjum í ríkissjóð.

Beint framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs er í frumvarpinu skorið niður um þriðjung, ef mið er tekið af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarpsins í fyrra og fjárlagafrumvarps nú. Lög sjóðsins eru beinlinis brotin og ráðstöfunarfé hans skorið niður um 1130 millj. kr., þótt reynt sé að klóra í bakkann með bókhaldskúnstum.

Það er athyglisvert byggðastefna sem fram kemur í þessum niðurskurði á öllum framangreindum sviðum: verklegum framkvæmdum við hafnir, skóla og sjúkrahús, vegagerð og framlögum til Byggðasjóðs. Í því sambandi má minna á, að fyrrverandi ríkisstjórn stórefldi Byggðasjóð og hefur hann reynst mikil lyftistöng atvinnulífs í byggðum landsins.

Rekstrarliðir ríkisbáknsins þenjast stöðugt út á kostnað fjárfestingarþáttanna. Þetta er nokkuð mismunandi milli einstakra stofnana. Lengst virðist gengið í hækkingun rekstrarútgjalda í skrifstofum ráðherranna sjálfra, aðalskrifstofum ráðuneytanna, eða allt upp í 116% í einni skrifstofunni. Rekstur ríkisspítalanna hækkar um 75.4% eða um 4 760 millj. kr. Er þó gert ráð fyrir að velta sem svarar 940 millj. kr. af lyfjakostnaði og sérfræðiþjónustu yfir á herðar sjúklinganna sjálfra. Enn hefur ekki að fullu verið gert upp dæmið um fjölgun starfsmanna í þessum stofnunum. Fleiri dæmi verða ekki nefnd hér um þenslu rekstrarútgjalda hjá einstökum stofnunum. Er þó af nógu að taka.

Sérstök ástæða er til að minna á málefni Íþróttasjóðs.

Íþróttasjóður hefur tvíþættu hlutverki að gegna: Annars vegar að standa undir stofnkostnaðarhluta ríkissjóðs við byggingu íþróttamannvirkja og hins vegar að úthluta kennslustyrkjum til íþróttafélaga, eins og sjóðurinn hefur fé til, í samræmi við starfsskýrslur íþróttafélaganna.

Samkvæmt frumvarpinu var fjárveiting til Íþróttasjóðs óbreytt, eða 266 millj. kr. Þegar ákveðið var af ríkisstjórninni að verja 2 milljörðum króna til viðbótar til verklegra framkvæmda, ákvað meiri hluti fjárveitinganefndar, að 75 millj. kr. skyldu ganga til Íþróttasjóðs. Enn fremur hefur fjárveitinganefnd gert tillögu um 6 millj. kr. þar til viðbótar, þannig að samtals nemur framlag til Íþróttasjóðs 347 millj. kr., sem er 30.4% hækking frá fjárlögum þessa árs. Þar af eiga 25 millj. kr. að ganga til kennslustyrkja.

Hér er vitaskuld um hlægilega lágar upphæðir að ræða, þegar þess er gætt, að fjárförf sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar nemur ca. 600 millj. kr.,

þrátt fyrir verulegan niðurskurð á nýjum framkvæmdum. Kennslustyrkirnir verða svo lágir í hlut hvers íþróttafélags, að spurning fer að verða um, hvort það taki því að deila þeim út.

Þessi afgreiðsla er því dapurlegri þar sem fjármálaráðherra fór um það sérstökum orðum í fjárlagaræðu sinni, að efla þyrfti og styrkja íþróttastarfið í landinu.

Í fjárlagafrv. er ákveðið, að framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða skuli skorin niður um 10% eða 993 millj. kr. Í veigamiklum atriðum þýðir þetta, að lagðir eru nýir skattar á atvinnuvegina. Í ríkissjóð renna þannig 620 millj. af launaskatti í stað þess að launaskattur á að renna til Bygðasjóðs ríkisins. Lánsmöguleikar Húsnæðismálastofnunar ríkisins minnka, en ríkissjóður fær nýjan tekjustofn. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna er einnig skert í samræmi við þessa reglu, og er það í annað skipti sem þessi vinstri stjórn hefur skorið niður framlag til sjóðsins á nokkurra mánaða valdatíma sínum. Á sama tíma eru fluttar margar ræður af hálfu óbreyttra þingmanna í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar um nauðsyn þess að efla þennan sjóð. Svo langt er gengið, að sjóðir á borð við Gæsluvistarsjóð og Þjargráðasjóð eru skornir niður með þessum hætti til þess að fá aukið fjármagn í ríkissjóðshítina.

Athygli vekur, að enn hefur ekki sést lagafrumvarp, hvað þá að samþykkt hafi verið lög, sem kveða á um þennan niðurskurð, en framlög til ýmissa af þessum sjóðum eru lögbundin. Hlutverki þeirra er því í vaxandi mæli velt yfir á herðar einstaklinga og sveitarfélaga.

Ráðstöfun þess hluta söluskatts, 1% af 20, sem lagt var á til þess að draga úr upphitunarkostnaði þeirra, sem kynda hús sín með olíu, og til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar, hefur oft verið harðlega gagnrýnd af talsmönnum Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Tekjur af þessu olíugjaldi, sem svo hefur verið nefnt, eru nú áætlaðar 3 200 millj. kr. Skv. frumvarpinu er ætlunin að greiða einungis 680 millj. kr. í olíustyrk og hafa styrkinn óbreyttan í krónutölu til hvers íbúa, sem býr í olíuupphitaðri íbúð, 10 500 kr. Fram hefur komið hugmynd um að hækka þetta um 260 millj. kr. eða um 33%, sem auðvitað nær ekki verðlagshækkun. Þótt það yrði samþykkt, yrði heildarupphæð olíustyrks einungis 910 millj. kr. Áætlað er að verja 700 millj. kr. til jarðhitaleitar og hitaveituframkvæmda. Eftir standa 1 590 millj. kr. af olíugjaldinu, sem renna til ríkissjóðs, ef niðurstaðan verður þessi.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur gert nákvæma grein fyrir því, að fjárþörf sjóðsins, til þess að hann geti veitt lán til þess að brúa 85% af umframfjárþörf námsmanna, er 700 millj. kr. hærri en fjárframlög samtals í fjárlagafrumvarpi nema. Í útgjöldum er gert ráð fyrir rúmlega 2 230 millj. kr., auk lántöku að upphæð 400 millj. kr. Ef farið væri að fyrri tillögum núverandi hæstv. menntamálaráðherra Ragnar Arnalds um að fullnægja 100% umframfjárþörf, yrði fjárvöntunin a. m. k. 1 200 millj. kr. Námsmenn leggja einnig mikla áherslu á, að tekið sé tillit til framfærslukostnaðar barna, sem þeir hafa á framfæri, en til þess þyrfti að auki 200 millj. kr. Skv. þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í fjárveitinganefnd, er er einungis ætlunin að auka framlag til lánasjóðsins með því að ábyrgjast honum 700 millj. kr. lán í viðbót við þá lánsheimild, sem fyrir er í frumvarpinu. Lántökur til sjóðsins yrðu því 33.3% af heildarframlögum, sem er meira en tvöfalt herra hlutfall en áður. Ekki verður veitt fé til þess að hægt sé að taka tillit til barna á framfæri og þaðan af síður farið eftir tillögum hæstvirts núverandi menntamálaráðherra á Alþingi, þegar hann var í stjórnarandstöðu, ef afgreiðslan verður með þessum hætti.

Framangreind dæmi um óraunsæi og vanáætlun í útgjöldum og tilhneigingu ríkisstjórnarinnar til þess að krækja í einn milljarð þar og einn hér sýna, hvert er nú stefnt með fjárlagaafgreiðslu. Auk ofsköttunar á almenning og atvinnurekstur er seilst í skatta, sem áður gengu til ýmissa félagslegra verkefna, eins og t. d. íbúðabygginga. Þrengt er að einstaklingunum og sveitarfélögunum, bæði með heinni

skerðingu skattstofna og með því að ofbjóða gjaldþoli þegnanna með sköttum í ríkissjóð.

Sömu óraunsæju vinnubrögðin eru viðhöfð við undirbúning og afgreiðslu þessara fjárlaga og 1974, en þá var vinstri stjórn við völd. Þá var ákveðið að lækka niðurgreiðslur á árinu 1974 um 500 millj. kr. og þannig skilinn eftir óleystur vandi, sem frestað var að leysa við fjárlagaafgreiðsluna. Enn fremur voru þá umsamdar launahækkanir á fjárlagaárinu ekki teknar með til útgjalda. Nú er hið sama uppi á teningunum. Frestað er til næsta árs þeim vanda að lækka útgjöld til niðurgreiðslna um 2800 millj. Betur að ekki fari svo, að ríkisstjórnin gripi til meiri niðurgreiðslna 1979, eins og gerðist 1974. Í gildandi fjárlögum var áætlað fyrir sammingsbundnum launahækkunum og verðbótahækkunum að auki, miðað við ákveðnar forsendur. Þetta er nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé með góðu móti að hafa eftirlit með þessum greiðslum og nota fjárlögin þannig sem eftirlits- og stjórnunartæki. Þessu er ekki að heilsa núna. Meira að segja er ekki áætlað fyrir 1 300 millj. kr. útgjöldum vegna sammingsbundinna 3% launahækkunar ríkisstarfsmanna 1. mars n. k., eins og áður segir. Samtals er hér í raun um vanáætlun útgjalda að ræða um 4.2 milljarða, ef raunsætt væri staðið að fjárlagaafgreiðslunni.

Ef fara ætti hliðstætt að um fjárlagaafgreiðslu fyrir 1979 og gert var fyrir yfirstandandi ár, ætti að áætla fyrir útgjöldum sem verða á árinu 1979 vegna ákvæða um vísitölubindingu launa og bóta almannatrygginga. Sú upphæð nemur rúmlega 9 milljörðum króna, ef verðlag hækkar um 5% á þriggja mánaða fresti, eins og gengið var út frá í efnahagsráðstöfunum 1. desember.

Undanfarin ár hefur náðst sá árangur með bættum vinnubrögðum við fjárlaga-gerð. Þrátt fyrir mikla verðbólgu, að minnkað hefur það bil sem er milli ríkisreiknings og fjárlaga. Þróunin hefur verið sem hér segir:

	Útgj. fjárl.	Ríkisreikn.	
	m.kr.	m.kr.	hækkun
1974	29.4	40.3	37.1%
1975	47.2	57.4	21.6%
1976	58.9	68.4	16.1%
1977	89.2	98.3	10.2%

Því miður eru horfur á, að nú sæki í hið fyrra horf að þessu leyti og fjárlögin verði því verra tæki til þess að stjórna ríkisfjármálunum en verið hefur.

Öll er meðferð og afgreiðsla þessa fjárlagafrumvarps með endumum. Óvissa hefur verið um það fram á síðustu stundu, hvort eða hvenær 2. umræða fari fram. Umræðan er að lokum ákveðin á síðustu stundu og þá á laugardegi. Einn stjórnar-flokkanna hefur allsherjar fyrirvara um stuðning við frumvarpið.

Tekjuðflunarfrumvörp eru ekki sýnd í fjárveitinganefnd. Milljarða og aftur milljarða vantar upp á til að enda náist saman.

Stefnt er að gífurlegri skattheimtu, engin tilraun er gerð til að draga úr ríkisbákninu og mýmörgum viðamiklum útgjaldaliðum er slegið á frest vegna ósamkomulags innan ríkisstjórnarinnar.

Enginn veit, hver örlög þessa fjárlagafrumvarps verða. En frumvarpið og meðferð þess á þingi verður óbrotgjarn minnisvarði um stjórnarsamstarf, sem þjóðinni verður því meiri ráðgáta sem lengra líður.

Alþingi, 15. des. 1978.

Lárus Jónsson.

Pálmi Jónsson.

Ellert B. Schram.